

TIL HVERS BYGGÐIST ÍSLAND?

Það liggur mjög nærri að svara þessu þannig, að tilgangurinn með byggingu Íslands hafi verið sá, að bjarga því tungumáli, sem nú mundi gersamlega undir lok liðið, ef ekki væri íslensk þjóð. En þó er spurningunni ekki þar með fullsvarað. Meira bjó undir landnáminu en það. Það var mjög valið lið sem Ísland byggði, því að hingað komust ekki aðrir en afreksmenn. Urðu göfugar ættir því hreinræktaðri hér en í öðrum löndum. Verður, þegar þessa er gætt, ekki erfitt að hugsa sér, að tilgangurinn hafi verið sá, að koma hér upp fullkomnari manntegund en til var annars staðar á jörðinni. Þetta fullkomnara fólk átti svo að hafa forystuna í því, að bjarga mannkyni jarðar vorrar frá glötun. Frá þessu sjónarmiði verður, að því er ég hygg, að líta á sögu Íslendinga, og þá fyrst sjáum vér til fulls, hversu merkileg hún er, saga þessarar smæstu smáþjóðar, og hversu ömurleg.

Í fyrstu virtust góðar horfur á, að takast mundi þessi tilraun til að skapa hér fullkomnara afbrigði hins norrræna kyns. Hér á landi var um eitt skeið það fólk, er bæði að líkamlegu og andlegu atgerfi tók fram því, sem annars staðar var, jafnvel á Norðurlöndum. Hér var vaxtarbroddur mannkynsins. En svo urðu ill umskipti, og á síðari hluta 13. aldarinnar hefst hin ömurlegasta hnignun, og heldur áfram öld eftir öld, þó að aldrei syrti svo, að ekki sæist þess einhver merki, að þjóðin var vel ættuð. Undir aldamótin 1800 má jafnvel segja, að þjóðin sé komin á heljarþrom. En þó hefst viðreisnin einmitt eftir þau aldamót, og var það með þeim ólíkindum, að jafn aðframkomin þjóð skyldi geta eignast aðra eins syni og þessa endurreisnarmenn, sem fæddust á fyrsta og öðrum tugi 19. aldarinnar, að mjög miðar til að

glæða von vora um, að tilganginum með byggingu Íslands muni þó, þrátt fyrir allt, náð verða.

Hin líkamlega endurreisn og viðleitni á nýsköpun, hefst hér þó varla að neinu ráði fyrr en á þessari öld. Fólkið er að stækka og fríkka, hin norrænu einkenni kynsins um vöxt og háralit, að koma betur fram. Og sérstaklega áberandi eru þessir unglingsar, sem innan við tvítugt eru farnir að nálgast 3 álnirnar, og sumir hafa jafnvel náð þeim. Svo hröð hefir breytingin verið, að stórum meira ber nú á þessari tegund unglingsa hér en fyrir 19 árum, þegar greinin „Ísland og Íslendingar“ var skrifuð (Nýall, s. 332-340).

Nú er eftir að vita, hvort fer að takast þessi tilraun, sem gerð var með byggingu Íslands, og svo lengi og svo hörmulega hefir tafist. Hætturnar sem yfir vofa eru miklar og margvíslegar, og að vísu svo, að mér virðist ekki vera hægt að gera sér neinar vonir um að tilraunin verði nokkurntíma rétt við, ef hún að þessu sinni mistekst. Því að nú er svo langt komið, að augljóst er orðið hvert ætlunarverk þjóðarinnar er, og eins nauðsynin á því, að þessi litla þjóð geti unnið, eða sýnt fram á líkur til að hún geti unnið eitthvað það, sem sé í þágu alls mannkyns. Eins og kunnugt er, heldur Adam Rutherford því fram, að íslenska þjóðin sé öllu mannkyni nauðsynleg, og verður þessi kenning hans ennþá athyglis- og aðdáunarverðari, þegar vér höfum áttað oss á tilganginum með byggingu Íslands.